

11. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskránni eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 1. mars 1979 280 stig.

Hitaveitunni er heimilt að breyta gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, þó ekki meira, en nemur breytingu sem á nefndri vísitölu verður, enda sé breytingin staðfest af Iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Hitaveitu Egilsstaðahrepps og Fella og sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 1. nóvember 1979.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

GJALDSKRÁ**Orkubús Vestfjarða fyrir hitaveitur.****I. KAFLI.**

1. gr.

Orkubú Vestfjarða selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Orkubú Vestfjarða lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar þess, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar, enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi Orkubús Vestfjarða. Einnig lætur Orkubú Vestfjarða í té heitt vatn til hitunar neysluvatns.

II. KAFLI.

3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt orkumæli kr. 8.80 fyrir hverja kílóvattstund og jafnframt samkvæmt vatnsmæli kr. 80.00 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Orkubú Vestfjarða er heimilt að selja heitt vatn samkvæmt vatnsmæli eingöngu. Gjald fyrir hvern rúmmetra vatns er kr. 510.00.

Orkubú Vestfjarða er heimilt að takmarka vatnsrennsli til húsa um stillanlega hemla og miðast gjald fyrir selda orku við það mark sem hemillinn er stilltur á. Gjald fyrir hvern mínútulítra á mánuði skal vera kr. 9 560.00.

Orkubú Vestfjarða stillir hemil, sbr. 3. mgr., að ósk notanda og breytir stillingu, ef notandi fer fram á það við Orkubúið.

Hæsta stilling hemils gildir eitt ár í senn miðað við 1. september — 31. ágúst, þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

Framangreind hitaveitugjöld má krefja mánaðarlega.

4. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningurinn ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem Orkubúið ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjalddaga.

5. gr.

Heimæðagjöld fyrir hitaveitur Orkubús Vestfjarða skulu vera sem hér segir:

- a) Af húsnæði sem tengist hitaveitu eftir að það hefur verið tekið í notkun:

Lágmarksgjald fyrir mælagrind og fyrstu 300 rúmmetra húsnæðis kr. 360.000.00
Fyrir hvern rúmmetra húsnæðis fram yfir fyrstu 300 kr. 290.00

- b) Af nýju húsnæði, breytingum og endurbýggingu húsnæðis sem felur í sér stækkingun eða breytta notkun og tengist hitaveitu áður en það er tekið í notkun, og jafnframt húsnæði samkvæmt a) sem ekki tengist hitaveitunni innan 6 mánaða frá því að af tengingu getur orðið:

Lágmarksgjald fyrir mælagrind og fyrstu 300 rúmm. húsnæðis kr. 500.000.00
Fyrir hvern rúmmetra húsnæðis fram yfir fyrstu 300 kr. 430.00

Við ákvörðun á rúmmálsstærð húsa skal miðað við fasteignamatsskrá og fyrir hús, sem ekki eru skráð í fasteignamati, skal miðað við teikningar húsa.

Ekki skal greina rúmmálgjald af óupphituðu húsnæði í hluta af húsi, svo sem vöruskemmum og öðru óupphituðu rými fram yfir stærð, sem nemur 200 m³.

6. gr.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðagjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að tveim árum ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

7. gr.

Þegar lokað hefur verið fyrir aðrennsli heita vatnsins til notanda vegna vanskila, skal gjald fyrir að opna á ný vera kr. 8 500.00.

Heimilt er Orkubúi Vestfjarða að krefjast greiðslu þessarar áður en opnað er.

8. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskránni eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 1. júlí 1979, 309 stig.

Orkubúi Vestfjarða er heimilt að breyta gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, þó ekki meira en nemur breytingu sem á nefndri vísitölu verður, enda sé breytingin staðfest af iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

Miðað skal við að kostnaður hitunar húsa með hitaveitu fari ekki fram úr kostnaði hitunar með rafmagni samkvæmt gjaldskrá Orkubús Vestfjarða hverju sinni.

III. KAFLI.

9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað húseiganda. Orkubúi Vestfjarða hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vangreidd af.

Fyrirætlun um að loka ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara.

Eftirlitsmanni Orkubús Vestfjarða skal, hvenær sem er, frjálts aðgangur að öllum hemlum, mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við veitukerfi Orkubús Vestfjarða. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrir mælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi, sem samín er og samþykkt af stjórn Orkubús Vestfjarða og sett er samkvæmt orkulögum nr. 58, 20. apríl 1967 og lögum nr. 66 31. maí 1976 er hér með staðfest til að öðlast gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 1. nóvember 1979.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 264, 31. des. 1971 um raforkuvirki.

1. gr.

Ákvæði § 338 um baðherbergi í íbúðar- og gistihúsum eru úr gildi felld. Í staðinn koma ný ákvæði svohljóðandi:

§ 338 Baðherbergi.

a. Baðherbergi í íbúðum og gistihúsum.

Ákvæðin í þessari grein eiga einnig við um steypibaðklefa.

a) Fastalagnir

1. Í huldar lagnir má nota einangraðar taugar í pípum úr plasti.

Utanáliggjandi lögn verður að vera með einangrandi hulu, og má nota plaststreng eða einangraðar taugar í plastpípum, en þær má þó aðeins nota utan bleytusvæðis. Tengidósir skulu vera úr einangrunarefni.

Nota má plaststrengi með málmhlíf innan ystu einangrunarhlífar, málmhlífin skal vera jarðtengd. Ekki má nota streng með ystu hlíf úr málm.

Með bleytusvæði er átt við svæði þar sem búast má við slettum eða ýrum.

2. Raflögn til annarra herbergja eða staða má ekki leggja um baðherbergi.

Þetta felur ekki í sér bann við pípulögn inni í veggjum eða lofti enda sé gætt ákvæða 3. tölul., 3. mgr. Við endurnýjun eldri lagna er heimilt að leggja til annarra staða gegnum baðherbergi, sé það óhjákvæmilegt. Skal slík lögn vera utan hlífðarsvæðis og lögð með lofti án samsetninga innan baðherbergisins.

3. Á hlífðarsvæði má ekki leggja raflögn utan á eða inni í vegg, nema að staðbundnu, fasttengdu neyslutæki.

Hið sama gildir um lampa við spegil. Slík fastalögn skal, ef tengistaður er ofar en baðkerisbrún, koma lóðrétt ofan frá, eða frá bakhlíð en aldrei á ská. Sé tengistaður slíks fasttengds tækis fyrir neðan baðkersbrún, má aðeins leggja að því lóðrétt neðan frá eða frá bakhlíð.

Hlífðarsvæði táknar svæði í kringum baðker eða steypibaðskál afmarkað af lóðréttri línu í 0.6 m fjarlægð frá brún baðkers eða steypibaðskálar og láréttri línu í 2.25 m hæð frá gólfi. (Sk 338-1).

Inni í vegg eða veggjum, í gólfi eða lofti, innan hlífðarsvæðisins, má